

Símavist - skilmálar

1. Efni og gildissvið

- 1.1. Þessir skilmálar („skilmálar“) gilda um þjónustu Símans hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig vísað til „þjónustusala“) í tengslum við veitingu þjónustu um *Símavist* samkvæmt þjónustusamningi við viðskiptavin (einnig vísað til „þjónustukaupa“).
- 1.2. Með undirritun þjónustusamnings, eða sambærilegri staðfestingu á þjónustukaupum af þjónustusala, t.d. með samþykki á tilboði í tölvupósti eða á vef, er þjónustukaupi jafnframt að staðfesta þessa skilmála og skulu þeir skoðast sem hluti af samningi aðila. Þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir gilda að öðru leyti *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* og *Skilmálar Fyrirtækjaþjónustu Símans* á www.siminn.is.
- 1.3. Undir þjónustuna *Símavist* falla nokkrir þjónustupættir, sbr. grein 2 í skilmálum þessum. Skilmálarnir gilda því aðeins eftir því sem við á og eftir því hvaða þjónustupætti þjónustukaupi kaupir hjá þjónustusala hverju sinni.
- 1.4. Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök þá merkingu sem greinir hér að neðan:
 - „*Símkerfi*“: símsstöð eða símkerfi, hvort heldur sem er vélbúnaður og/eða hugbúnaður, sem tengist þjónustunni.
 - „*Þjónusta*“: símkerfa- og samskiptalausnir *Símavist* hjá Símanum, þ.m.t. hugbúnaður og eftir atvikum endabúnaður, ásamt aðgengi að vefviðmóti og þjónustu í tengslum við framangreint eins og lýst er í skilmálum þessum.
 - „*Hugbúnaður*“: Webex hugbúnaðarlausn, n.t.t. skýjaþjónusta sem þjónustusali endurselur frá fyrirtækinu Cisco.
 - „*Netlag*“: staðarnet og víðnet þjónustukaupa ásamt tengdum netbúnaði, hvort sá búnaður sé beinir, eldveggur, gátt, deilir eða annar búnaður sem er hluti af netlagi þjónustukaupa.
 - „*Þjónustuaðili netlags*“: sá aðili sem setur upp eða framkvæmir breytingar á netlagi þjónustukaupa.

- „*Þjónustuaðili símkerfis*“: sá aðili sem þjónustar símkerfi þjónustukaupa og getur framkvæmt breytingar í því.

2. Þjónustupættir

- 2.1. *Símavist* er símkerfa- og samskiptalausn Símans sem samanstendur af hugbúnaðarlausn sem þjónustusali endurselur frá þriðja aðila og nefnist *Webex*, sbr. gr. 5, og eftir atvikum endabúnaði (vélbúnaði) sem þjónustukaupi kann að kaupa eða leigja af þjónustusala, sbr. gr. 3-4. Þá býðst þjónustukaupa að fá aðgang að vefumhverfi símkerfisins hjá þjónustusala að lokinni uppsetningu og afhendingu.
- 2.2. Þjónustukaupi getur valið að virkja hljóðritun sem hluta af þjónustunni, sbr. nánari umfjöllun í gr. 6.

3. Innleiðing, uppsetning og afhending símkerfis

- 3.1. *Innleiðing og uppsetning*
 - 3.1.1. Þjónustukaupi skal tryggja aðgengi til handa þjónustusala að net- og lagnakerfi sínu, sem og gæði og virkni þess, svo þjónustusali geti framkvæmt uppsetningu símkerfis hjá þjónustukaupa. Þjónustukaupi getur óskað eftir því að þjónustusali geri úttekt á ástandi net- og lagnakerfisins. Að úttekt lokinni tilgreinir þjónustusali hvaða úrbætur hann telur nauðsynlegar áður en kemur að uppsetningu símkerfis, eftir því sem við á. Þjónustukaupi getur óskað eftir því að úrbætur verði unnar af þjónustusala eða haft sjálfur samband við þriðja aðila.
 - 3.1.2. Hafni þjónustukaupi að framkvæma nauðsynlegar úrbætur á net- og/eða lagnakerfi sínu, sbr. gr. 3.1.1 og þjónustusali metur það ótækt að setja upp og innleiða símkerfið hjá þjónustukaupa, skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa um það án tafar.
 - 3.1.3. Þjónustusali áskilur sér rétt til að gjaldfæra þjónustukaupa fyrir hvers kyns vinnu sem þjónustusali innir af hendi í tengslum við uppsetningu og innleiðingu á þjónustunni hjá þjónustukaupa, svo sem vegna úttektar eða úrbóta á netkerfi þjónustukaupa skv. gr. 3.1.1 í

skilmálum þessum, í samræmi við gildandi verðskrá hverju sinni.

- 3.1.4 Vinna við miðlæga uppsetningu, stillingar á þjónustunni hjá þjónustukaupa (þegar þess er óskað), forritun á símtækjum, uppsetningu á endabúnaði þjónustukaupa, uppsetning tölvusíma og viðmótum þjónustunnar og aðlögun að upplýsingatækni hverfi þjónustukaupa, eftir því sem við á hverju sinni, er unnin í tímavinnu og er gjaldfærð skv. gildandi verðskrá þjónustusala hverju sinni. Það sama á við um vinnu við uppsetningu notenda hjá þjónustukaupa, þ.m.t. símanúmera í upptöku skv. gr. 6 þegar við á, skilgreiningu á réttindum og aðgangi, kennslu á vefviðmóti lausnar og aðlögun að upplýsingatækni hverfi þjónustukaupa.
- 3.1.5 Síminn ábyrgist ekki uppsetningu búnaðar sem keyptur er af þriðja aðila. Við enduruppsetningu á búnaði geta komið upp aðstæður þar sem hugbúnaðaruppfærsla misferst (e. firmware). Komi þær aðstæður upp getur reynst nauðsynlegt fyrir þjónustusala að hafa samband við söluaðila tækisins. Allur kostnaður vegna þessara aðgerða eru á ábyrgð þjónustukaupa.
- 3.2 Kennsla
- 3.2.1 Þjónustukaupi fær aðgang að vefviðmóti símkersins auk þess sem helstu leiðbeiningar sem fylgja kerfinu eru að finna á rafrænu formi á vef þjónustusala, www.siminn.is. Við uppsetningu upptökukerfis og virkjun hljóðritunar, sbr. gr. 6, fer fram kennsla á vefviðmóti kerfisins. Sé óskað eftir frekari kennslu skal þjónustukaupi greiða fyrir alla kennslu skv. gildandi verðskrá þjónustusala hverju sinni. Síminn áskilur sér rétt til þess að leita til verktaka til þess að sjá um viðbótarkennslu fyrir þjónustukaupa.
- 3.3 Afhending símkers og upptökukerfis
- 3.3.1 Þegar þjónustusali hefur sett upp sím- og/eða upptökukerfi samkvæmt tilboði og eftir atvikum lokið kennslu telst afhendingu lokið. Þjónustukaupi getur óskað eftir upplýsingum um endanlegan stofnkostnað að afhendingu lokinni.
- 3.4 Þjónustuver fyrirtækja
- 3.4.1 Að lokinni afhendingu tekur við almennur rekstur á sím- og/eða upptökukerfinu og hefur þjónustukaupi þá aðgang að *Þjónustuveri fyrirtækja*, með tölvupósti á netfangið radgjof@siminn.is eða hjalp@siminn.is eða í síma 550-6000.
- 3.5 Umsjónarmaður þjónustukaupa
- 3.5.1 Í vefumhverfi símkersins getur umsjónarmaður þjónustukaupa framkvæmt minniháttar aðgerðir í

símkersinu, t.d. stýrt hringflutningum og bætt notendum inn í fyrirfram stofnaða hringihópa. Allar aðgerðir sem framkvæmdar eru af umsjónarmanni í vefumhverfinu eru á ábyrgð þjónustukaupa og taka gildi um leið og þær eru vistaðar.

4. Endabúnaður

4.1 Leiga á endabúnaði frá þjónustusala

4.1.1 Þjónustukaupi ber fulla ábyrgð á endabúnaði sem leigður er frá þjónustusala meðan hann hefur búnaðinn undir höndum, þ.m.t. allri notkun búnaðarins. Þjónustukaupa er skylt að fara vel og gætilega með slíkan búnað er hann hefur til afnota og er bótaskyldur gagnvart þjónustusala vegna skemmda og/eða viðgerða á búnaði sem ekki stafa af eðlilegu sliti, svo og ef búnaður glatast úr hans vörslu. Ábyrgð þjónustukaupa á búnaði fellur niður þegar búnaði er sannanlega skilað til baka til þjónustusala. Skili þjónustukaupi endabúnaði til þjónustusala í ónothæfu ástandi eða í þannig ástandi að ekki er unnt að leigja hann á ný sökum illrar meðferðar að mati þjónustusala, skal þjónustukaupi greiða þjónustusala upphæð sem nemur verði búnaðarins á þeim tíma er hann var afhentur.

4.1.2 Óheimilt er að lána, selja eða veita þriðja aðila aðgang að búnaði í eigu þjónustusala.

4.1.3 Þjónustukaupa er óheimilt að taka búnað í eigu þjónustusala í sundur eða stuðla að nokkrum breytingum á vél- eða hugbúnaði sem honum fylgir. Undanskildar eru hugbúnaðaruppfærslur sem sóttar eru til eða sendar af þjónustusala, sbr. einnig umfjöllun í gr. 5 í skilmálum þessum.

4.1.4 Að ósk þjónustusala eða við uppsögn þjónustunnar er notanda skylt að skila enda-búnaði sem hann leigir frá þjónustusala og hefur til afnota. Sé endabúnaði ekki skilað verður þjónustukaupi áfram gjaldfærður fyrir mánaðarlegu leigugjaldi samkvæmt gildandi verðskrá þjónustusala hverju sinni, þar til honum er skilað til þjónustusala.

4.1.5 Ábyrgð á búnaði þjónustusala gildir í eitt ár frá og með uppsetningu á búnaði. Þjónustusali skal reyna eftir fremsta megni að útvega þjónustukaupa lánsbúnað á meðan á viðgerð stendur.

4.2 Endabúnaður þjónustukaupa

4.2.1 Þjónustukaupi sem styðst við eigin endabúnað ábyrgist að slíkur búnaður, sem tengdur er við kerfi þjónustusala (hugbúnað), uppfylli kröfur fjarskiptalaga nr. 70/2022 og beri CE-merkingu því til staðfestingar. Í slíkum tilvikum getur

þjónustu-sali ekki ábyrgst fulla virkni lausnarinnar og þar með ekki fulla virkni þjónustunnar.

4.3 Tæknileg aðstoð

4.3.1 Ef upp koma bilanir í símtæki eða öðrum endabúnaði í eigu þjónustusala eða óskað er tæknilegrar aðstoðar vegna endabúnaðar skal þjónustukaupi:

- hafa samband við *Þjónustuver fyrirtækja*;
- koma með eða senda endabúnaðinn í móttöku þjónustusala í Ármúla 25, 108 Reykjavík, án kostnaðar fyrir þjónustukaupa;
- óska eftir því að þjónustusali sjái um að skipta út biluðu tæki, þ.e. komi á staðinn og skipti út símtækinu. Þjónustukaupi greiðir fyrir þessa vinnu eins og aðra útseldravinnu skv. gjaldskrá þjónustusala hverju sinni, þ.m.t. akstur og tímavinnu.

5. Hugbúnaður

5.1 Hugbúnaðinn (*Webex*) er hægt að nota fyrir tölvur og snjalltæki. Hugbúnaðurinn hefur að geyma mismunandi notkunarmöguleika, m.a. fyrir símtöl, skilaboð, hljóð- og myndfundi sem og deilingu skjala. Allur hugverkaréttur að hugbúnaðarlausninni tilheyrir *Cisco* eða leyfisveitendum *Cisco* sem veitt hafa *Cisco* rétt til notkunar á einstökum hlutum lausnarinnar. Auk skilmála þessara ber þjónustukaupa að undirgangast leyfisskilmála *Cisco*, sbr. umfjöllun í gr. 11 í skilmálum þessum.

5.3 Þjónustukaupa er óheimilt að afrita, breyta, þýða, brjóta niður eða bakhanna (e. reverse engineer) lausnina, og/eða veita fleiri notendum afnot af lausninni en samningur aðila kveður á um.

5.4 Í þeim tilgangi að geta veitt þjónustuna, n.t.t. í tengslum við hýsingu á þeim gögnum sem safnast með notkun á lausninni og að veita þjónustukaupa tæknilega aðstoð, er þjónustusala annars vegar og *Cisco* hins vegar nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar sem tilheyra þjónustukaupa, sbr. nánari umfjöllun í gr. 10 í skilmálum þessum.

6. Hljóðupptaka

6.1 Um hljóðupptökur í *Símavist*

6.1.1 Í þessum kafla hafa eftirtalin hugtök þá merkingu sem greinir hér að neðan:

- „*Hljóðupptaka*“: símtöl sem tekin eru upp í endabúnaði upptöku, eru ýmist send frá símkerfi eða endabúnaði upptöku og eru vistuð sem hljóðskrár inn í gagnagrunni upptöku hjá þjónustusala.
- „*Endabúnaður upptöku*“: upptökupjónn, hvort heldur sem er vélbúnaður eða hugbúnaður,

sem tengist þjónustunni, hvort heldur hann sé staðsettur í hýsingarrými þjónustusala eða hjá aðila sem starfar á vegum og á ábyrgð þjónustusala.

- „*Gagnagrunnur upptöku*“: gagnagrunns-þjónn, sem heldur utan um hljóðskrár þjónustunnar.
- „*Aðgengi*“: aðgengi að hljóðskrár þjónustu í gagnagrunni upptöku hjá þjónustusala eða aðila á vegum þess.

6.1.2 Hljóðupptaka er einungis í boði fyrir viðskiptavinum með *Símavist* hjá Símanum.

6.1.3 Hljóðupptaka er einungis virk ef:

- símtal í eða úr borðsíma þjónustukaupa sem tengdur er símkerfinu,
- símtal berst farsímanúmeri í símkerfinu, eða
- símtal úr farsímanúmeri í símkerfinu á uppruna sinn á Íslandi.

Símtöl úr farsíma sem tengdur er símkerfinu og eiga uppruna sinn á erlendu kerfi eru því ekki tekin upp.

Þjónustukaupi skal kynna sér leiðbeiningar um virkni og takmarkanir í tengslum við hljóðupptökur í *Símavist* á vef Símans (www.siminn.is) áður en notkun hefst.

6.1.4 Við uppsetningu og virkjun á hljóðupptökum í lausninni skal þjónustusali gera nauðsynlegar prófanir til að tryggja að þjónustan sé reidubúin til notkunar hjá þjónustukaupa. Slíkar prófanir geta einnig náð til þjónustuaðila netlags. Reynast slíkar prófanir umfangsmeiri en þjónustusali ráðgerði áskilur þjónustusali sér rétt til að gjaldfæra þjónustukaupa um kostnað vegna slíkra prófana skv. gildandi verðskrá þjónustusala hverju sinni.

6.1.5 Til að tryggja gæði þjónustunnar áskilur þjónustusali sér rétt til þess að leita til þjónustuaðila netlags vegna vandamála sem kunna að koma upp í tengslum við uppsetningu og/eða virkjun á hljóðupptökum í lausninni. Þjónustusali áskilur sér rétt til að gjaldfæra þjónustukaupa sérstaklega fyrir vinnu í tengslum við framangreint.

6.1.6 Allar hljóðskrár sem verða til í tengslum við hljóðupptökur hjá þjónustukaupa eru aðeins í umsjá þjónustusala sem vinnsluaðila á vegum þjónustukaupa, sbr. einnig gr. 10 í skilmálum þessum. Eignarhald á þeim er hjá þjónustukaupa.

6.1.7 Hljóðskrár eru vistaðar fyrir hönd þjónustukaupa miðlægt hjá þjónustusala eða aðila á vegum og á ábyrgð þjónustusala í alls **30 daga**, nema aðilar hafi sérstaklega samið um annað og þjónustukaupi veitt skrifleg fyrirbæli um

varðveislutíma, sbr. einnig gr. 6.1.9 í skilmálum þessum. Á því tímabili skal þjónustukaupi hafa aðgang að hljóðupptökum í gegnum vefviðmót símkerfisins, nema samningi hafi verið sagt upp fyrir þann tíma. Á sama tímabili er þjónustukaupa jafnframt heimilt að hlaða niður hljóðskrá. Í slíkum tilvikum ber þjónustusali enga ábyrgð á meðferð þeirra skráa hjá eða á vegum þjónustukaupa að niðurhali loknu, heldur fellur slík ábyrgð alfarið á þjónustukaupa. Að 30 dögum liðnum frá upptöku skal þeim **eytt** hjá þjónustusala, nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

- 6.1.8 Sé samningi sagt upp eða rift af hálfu samningsaðila í samræmi við ákvæði þessara skilmála, ella í samræmi við ákvæði þjónustusamnings aðila, skal þjónustukaupi eiga kost á að nálgast sínar hljóðupptökur fyrir lok gildistíma samningsins í gegnum vefviðmót þjónustunnar út samningstímabilið. Einnig hefur þjónustukaupi kost á að óska eftir afhendingu þeirra frá þjónustusala, þó eigi síðar en að fjórum vikum liðnum frá uppsögn/riftun samnings nema aðilar semji sérstaklega um annað, ásamt upplýsingum um aldur upptakanna. Falli til kostnaður vegna slíkrar afhendingar kann þjónustukaupi að vera gjaldfærður fyrir það sérstaklega í samræmi við gildandi verðskrá þjónustusala.
- 6.1.9 Þjónustukaupi ber ábyrgð á því að fræðsla, varðveislutími og meðhöndlun á hljóðupptökum sé í samræmi við lög, einkum lög nr. 70/2022 um fjarskipti, lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem og reglur Persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun.
- 6.1.10 Geri stjórnvald eða lögregla, á grundvelli sérstakrar lagaheimildar eða dómsúrskurðar, kröfu um aðgengi að hljóðupptökum þjónustukaupa gæti slíkur aðgangur verið veittur án vitneskju þjónustukaupa, en þjónustusali mun leitast við að upplýsa þjónustukaupa eins og heimilt er hverju sinni.

7. Ábyrgð og ábyrgðartakmarkanir

7.1 Ábyrgð þjónustusala

- 7.1.1 Þjónustusali skal eftir fremsta megni tryggja gæði og virkni þjónustunnar, þ.m.t. hljóðupptökur þar sem við á, og aðgengi þjónustukaupa, sbr. þó einnig gr. 12 í skilmálum þessum.
- 7.1.2 Þjónustusali ber ekki ábyrgð á bilunum eða tjóni sem uppsetning á endabúnaði í eigu þjónustusala kann að valda, enda sýni þjónustusali fram á að hann hafi gert allar eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virkni endabúnaðarins.

- 7.1.3 Þjónustusali undanskilur sig ábyrgð á tjóni sem kann að orsakast í tengslum við notkun þjónustukaupa á þjónustunni, eða ef ekki er hægt að nota hana af einhverjum ástæðum, enda sýni þjónustusali fram á að hann hafi gert allar eðlilegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virkni þjónustunnar og til að fyrirbyggja og takmarka mögulegt tjón þjónustukaupa.

- 7.1.4 Þjónustusali undanskilur sig ábyrgð á hvers kyns bilunum, tjóni eða virkni endabúnaðar sem er í eigu þjónustukaupa.

7.2 Ábyrgð þjónustukaupa

- 7.2.1 Þjónustukaupi ábyrgist að gæði og virkni síns net- og lagnakerfis sé með þeim hætti að þjónustusala sé unnt að setja upp og virkja þjónustuna. Í sama tilgangi skal þjónustukaupi tryggja aðgengi þjónustusala að net- og lagnakerfi þjónustukaupa.
- 7.2.2 Þjónustukaupi ber ábyrgð á að notkun þjónustunnar sé í samræmi við þjónustusamning aðila og skilmála þessa, þ.m.t. mögulega þriðju aðila á hans vegum.
- 7.2.3 Þjónustukaupi skal tryggja aðgengi þjónustusala að búnaði í eigu þjónustusala, þegar þörf er á fyrir veitingu og viðhald þjónustunnar, sem og vegna annarrar tilfallandi þjónustu skv. skilmálum þessum.
- 7.2.4 Þjónustukaupi skal tryggja að aðgangsupplýsingar sem veita aðgengi að þjónustunni séu varðveittar tryggilega og ekki afhentar öðrum aðilum en þeim sem kunna að þurfa að nýta sér þjónustuna og/eða hljóðskrár.
- 7.2.5 Þjónustukaupi ber ábyrgð á breytingum í símkerfi sem hann framkvæmir sjálfur og á netlagi sínu og að þær breytingar hafi ekki áhrif á virkni þjónustunnar. Skal þjónustukaupi reyna eftir fremsta megni að tilkynna þjónustusala um slíkar breytingar fyrirfram, svo hann geti gripið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja áfram gæði og virkni þjónustunnar, sé talin þörf á.
- 7.2.6 Þjónustukaupi ber ábyrgð á því að upplýsa eigin viðskiptavini/skjólstæðinga og starfsfólk um hljóðritun á símtölum og tryggja að fræðsla um framkvæmd hljóðritunar uppfylli skilyrði gildandi laga og reglna hverju sinni, sbr. einnig gr. 6.1.9.

8. Uppsögn og riftun

- 8.1 Þjónustukaupa er heimilt að segja upp þjónustunni með **sex mánaða** fyrirvara, nema aðilar semji sérstaklega um annað.
- 8.2 Þjónustukaupa er unnt að rifta samningi vegna þjónustunnar ef þjónustusali vanefnir verulega skyldur sínar skv. ákvæðum skilmála þessara.

- 8.3 Þjónustusali áskilur sér rétt til að loka þjónustunni tafar- og fyrirvaralaust ef þjónustukaupi verður uppvís að því að fylgja ekki skilmálum þessum eða notar þjónustuna eða búnaðinn í andstöðu við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli, þ.m.t. ef þriðji aðili á hans vegum verður uppvís að slíku.

9. Trúnaður

- 9.1 Þagnarskylda hvílir á starfsmönnum þjónustusala, sem og aðilum sem kunna að vinna á vegum og á ábyrgð þjónustusala, um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna. Trúnaðar- og þagnarskylda helst eftir lok samnings og þótt einstakir starfsmenn láta af störfum.

10. Meðferð persónuupplýsinga

- 10.1 Í tengslum við þjónustuna kann þjónustusala að vera nauðsynlegt að vinna með upplýsingar af hálfu þjónustukaupa sem teljast til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 10.2 Í *Persónuverndarskilmálum fyrirtækjalausna Símans*, sem eru hluti af þjónustusamningi aðila, er nánar fjallað um hvaða persónuupplýsingar unnar eru af hálfu þjónustusala í tengslum við *Símavist* og með hvaða hætti þjónustusali vinnur slíkar upplýsingar.
- 10.3 Í tengslum við hugbúnaðarlausnina *Webex* kemur *Cisco* jafnframt fram sem sjálfstæður vinnsluadili, í skilningi persónuverndarlaga, fyrir hönd þjónustukaupa. Nánari tilgreiningu á þeim persónuupplýsingum sem *Cisco* vinnur fyrir hönd þjónustukaupa má finna í persónuverndaryfirlýsingu *Cisco*, https://trustportal.cisco.com/c/r/ctp/trust-portal.html#/customer_transparency („*Cisco Webex App and Webex Messaging*“). Ber þjónustukaupi ábyrgð á að samþykkja vinnslusamningsskilmála *Cisco* og er vinnslusamningssamband þetta milli þjónustukaupa og *Cisco* þjónustusala óviðkomandi.

11. Hugverkaréttur

- 11.1 Skilmálar þessir skulu engin áhrif hafa á eignarrétt aðila og/eða afnotarétt af hvers konar vél-, net- og hugbúnaði, öðrum hugverkum, atvinnuleyndarmálum, gögnum, trúnaðarupplýsingum og öðru efni sem tengist þjónustu skv. skilmálum þessum.
- 11.2 Skilmálar þessir hafa ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á hugverkarétti, þ.m.t. höfundarétti, frá einum aðila til annars, nema samið sé sérstaklega um annað.

- 11.3 Allur hugverkaréttur að *Webex* hugbúnaðarlausninni tilheyrir *Cisco* eða leyfisveitendum *Cisco* sem veitt hafa *Cisco* rétt til notkunar á einstökum hlutum lausnarinnar. Skilmálar þessir hafa ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á slíkum hugverkarétti til þjónustukaupa, en gegn greiðslu þóknunar fær þjónustukaupi á grundvelli skilmála þessara óframseljanlegt (hvort sem er í heild eða hluta) tímabundið leyfi til notkunar á hugbúnaðinum á samningstíma.

- 11.4 Öll notkun þjónustukaupa á hugbúnaðinum er háð því að hún sé í samræmi við gildandi lög og leyfisskilmála *Cisco* sem aðgengilegir er á vef þess, www.cisco.com/go/eula. Með staðfestingu á skilmálum þessum telst þjónustukaupi jafnframt hafa staðfest skilmála *Cisco*.

12. Önnur ákvæði

- 12.1 Þjónustusali áskilur sér rétt til þess að rjúfa þjónustuna tímabundið vegna uppfærslna og reksturs á miðlægum búnaði þjónustunnar. Þjónustukaupa skal ávallt tilkynnt um slíkt rof með hæfilegum fyrirvara, nema um brýna og aðkallandi aðgerð er að ræða.

13. Gildistími og skilmálabreytingar

- 13.1 Skilmálar þessir taka gildi frá og með 1. mars 2024 og til þess tíma er nýir skilmálar taka gildi.
- 13.2 Þjónustusali áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglum eða vegna breytinga á þjónustunni. Þjónustusali skal upplýsa þjónustukaupa um allar breytingar á skilmálunum með hæfilegum fyrirvara. Verði gerðar breytingar á skilmálunum sem hafa áhrif á réttindi og skyldur þjónustukaupa skulu slíkar breytingar ekki taka gildi fyrr en að ákveðnum tíma liðnum og samþykki þjónustukaupi ekki slíkar breytingar skal hann hafa rétt til að segja upp þjónustunni.